## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS - JÓLALÖG



Á diskinum *Jólalög* með Sinfóníuhljómsveit Íslands er að finna sígild jólalög og klassískar jólaperlur, lög sem notið hafa mikilla vinsælda og eiga fastan sess á jólatónleikum hljómsveita víða um veröld. Diskurinn geymir tónlist sem ætti að koma öllum í sannkallað hátíðarskap. Ásamt hljómsveitinni koma fram söngkonurnar Hulda Björk Garðarsdóttir og Þóra Einarsdóttir, Stúlknakór Reykjavíkur og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Diskurinn naut strax mikilla vinsælda og seldist upp og var endurútgefinn á síðasta ári.

Diskurinn var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins 2015.

Geisladiskurinn *Jólalög* er til sölu fyrir framan Eldborg á 2. hæð.



## HEIMS UM BÓL

Heims um ból helg eru jól,
signuð mær son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
:,:meinvill í myrkrunum lá.:,:

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:,:konungur lífs vors og ljóss.:,:

Heyra má himnum í frá
englasöng: „Allelújá“.
Friður á jörðu, því Faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:,:samastað syninum hjá.:,:

*Sveinbjörn Egilsson*

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
sér um tónlistarflutning í Hörpuhorni.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

LITLI TÓNSPROTINN

# JÓLA TÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR



16. & 17. DESEMBER

## DAGSKRÁ

Robert Sheldon
**Jólaforleikur**

John Francis Wade
**Adeste Fideles – Frá ljósanna hásal**
*úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson*

Leroy Anderson
**Sleðaferðin**

Joo-Hye Lee
**Jólafantasía/Christmas Fantasy**
*úts. Hrafnkell Orri Egilsson*

Pjotr Tsjajkovskíj
**Dansar úr Hnotubrjótnum og Svanavatninu**
Spænski dansinn
Arabíski dansinn
Rússneski dansinn
Pas de deux

Hrafnkell Orri Egilsson
**Jólasnjór**

Jester Hairston
**Forðum í bænum Betlehem**
*úts. Matti Kallio*

Leigh Harline & Ned Washington
**Óskasteinn**
*úts. Hrafnkell Orri Egilsson*

Franz Gruber
**Heims um ból**
*úts. Hrafnkell Orri Egilsson*



## TÓNLEIKAR Í ELDBORG 16. OG 17. DES. 2017

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Bernharður Wilkinson** *hljómsveitarstjóri*
**Trúðurinn Barbara** *kynnir*
**Margrét Eir Hönnudóttir** og
**Kolbrún Völkudóttir** *einsöngvarar*
**Alexander Viðar,**
**Anais Bergsdóttir,**
**Ásta Dóra Finnsdóttir** *og*
**Magnús Stephensen** *einleikarar*
**Gerður Sjöfn Ólafsdóttir** *táknmálstúlkur*

**Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar**
Karen Janine Sturlaugsson *stjórnandi*

**Dansarar úr Listdansskóla Íslands**
Guðmundur Helgason
Hildur Ólafsdóttir
*danshöfundar og æfingastjórn*

**Litlu sprotarnir, táknmálskór**
Hjördís Anna Haraldsdóttir *kórstjóri*
Laila Margrét Arnþórsdóttir *umsjón*

**Saxófónhópur Tónlistarskóla Garðabæjar**
Bragi Vilhjálmsson *stjórnandi*

**Slagverkshópurinn Trinidad**
Frank Aarnink *æfingastjórn*
Nemendur úr Skólahljómsveit Kópavogs og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

**Stúlknakór Reykjavíkur og Aurora**
Margrét J. Pálmadóttir *listrænn stjórnandi*
Guðrún Árný Guðmundsdóttir *og*
Sigríður Soffía Hafliðadóttir *kórstjórar*



**Ungir píanóleikarar**
Kristinn Örn Kristinsson *æfingastjórn*
Nemendur úr MÍT, Tónlistarskóla Kópavogs og Allegro Suzukitónlistarskóla

Tónleikarnir eru um það bil klukkustundar langir og án hlés.

Myndir í tónleikaskrá: Þórarinn Már Baldursson

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 á öðrum degi jóla kl. 16:05.

## Á DÖFINNI Í LITLA TÓNSPROTANUM

### Lau. 10. feb. kl. 14:00 & 16:00
### Ævintýratónleikar Ævars

Ævar Þór, vísindamaður, leikari og rithöfundur, sló eftirminnilega í gegn á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir tveimur árum. Nú er hann mættur aftur með spennuþrungna ævintýratónlist í farteskinu þar sem hlustandinn veit ekki hvers má vænta handan hornsins. Ólöf Erla Einarsdóttir myndskreytir tónleikana og hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson. Tónleikarnir kl. 16:00 eru túlkaðir á táknmáli.





© Svafa Björg Einarsdóttir

### Lau. 12. maí kl. 14:00
### Drekinn innra með mér

Drekinn innra með mér er óður um vináttu lítillar stúlku og dreka. Drekinn býr innra með stúlkunni, kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og bregðast við þeim. Í þessu nýja og einstaka verki er hljómsveitin í hlutverki drekans og Halldóra Geirharðsdóttir, sögumaður, fer með hlutverk stúlkunnar. Drekasmiðja verður í Hörpuhorni á undan tónleikunum þar sem höfundar verksins Elín, Laila og Svafa taka vel á móti gestum. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA